

GRÍMUR OG EINNOTA HANSKAR

Leiðbeiningar frá 13. október 2020, m.a. byggt á reglugerðum nr. 957/2020 og nr. 966/2020

Grímur

- Í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi er skylda að halda 2 metra bili milli manna, sem ekki eru í nánnum tengslum. Ef ekki er unnt að halda 2 metra bili skal nota grímur sem hylja munn og nef. Í öðrum sveitarfélögum landsins gildir að halda þarf 1 metra bili milli manna, sem ekki eru í nánnum tengslum, og grímuskylda þar sem það er ekki hægt.

Mikilvægt er að setja grímu rétt á andlit, snerta hana sem minnst (sérstaklega miðsvæði hennar) og ávallt hreinsa hendur fyrir og eftir að gríma er snert.



- Grímuskylda er í allri heilbrigðisþjónustu og löggæslu.
- Grímuskylda er í verslunum ef ekki er hægt að halda 2 m bili.
- Grímuskylda er í innanlandsflugi, ferjum, leigubifreiðum, hópbifreiðum og í almenningssamgöngum (strætó).
- Grímuskylda er í framhalds- og háskólum.
- Grímuskylda er fyrir gesti á viðburðum.
- Nota grímu ef dvelja þarf í rými þar sem loftgæði eru léleg.
- Ef til stendur að nota grímu aftur, þarf að geyma hana í hreinum umbúðum fram að næstu notkun.
- Geymið margnota grímur einnig í hreinum umbúðum fram að þvotti.

ATH! Loftgæði má bæta með að opna glugga eða dyr, lofta út í a.m.k. 10-15 mín. í senn, daglega, hafa þrif í lagi og þægilegt hitastig.

Hanskar

Almenningur ætti ekki að nota hanska til varnar COVID-19. Hanskarnir mengast strax og viðvarandi notkun getur valdið aukinni sýkingarhættu.

- Handþvottur eða handsprittun er mikilvægt og allir eiga að hreinsa hendur með sápuvatni eða spritti eftir snertingu við mengað yfirborð.
- Nota hanska við óhrein verk s.s. við þrif eða fyrirséða snertingu við líkamsvessa. Fara strax úr hönskunum eftir að verki lýkur á réttan hátt (hverfa þeim af höndunum) og setja þá beint í ruslafötu.
- Hendur á að þvo eða spritta eftir að farið er úr hönskum.
- Séu hanskar notaðir við afgreiðslu t.d. í bakaríum, ísbúðum og veitingahúsum þarf að fara í nýja hanska við hverja afgreiðslu.
- Einnota hanskar eru einnota – ekki spritta þá eða þvo til endurnotkunar.



Förgun á hönskum og grímum

- Grímur og hanskar eiga að fara í almennt sorp, **alls ekki** í salernið.
- Munið að spritta hendur fyrir og eftir að gríma er snert.
- Hafið ruslapoka handhæga t.d. í bifreiðum svo grímur og hanskar séu ekki að fjúka út og valda hugsanlegri hættu og skaða í náttúrunni.